


**RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS**

---

**HANDBÓK FJÁRMÁLA**

---



---

**Maí 2024**

---

## Efnisyfirlit:

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>2</b>
<b>2</b>	<b>FJÁRMÁLASTJÓRN OG STARFSFÓLK</b> .....	<b>3</b>
2.1	GJALDKERI MIÐSTJÓRNAR .....	3
2.2	SKOÐUNARMENN .....	3
2.3	LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR .....	3
2.4	GJALDKERI .....	3
2.5	BÓKARI.....	3
<b>3</b>	<b>ALMENNT UM MEÐFERÐ FJÁRMÁLA</b> .....	<b>4</b>
3.1	INNHEIMTA IÐGJALDA.....	4
3.2	FÉLAGSGJÖLD.....	4
3.3	IÐGJÖLD TIL SJÓÐA RSÍ .....	4
3.4	SAMÞYKKT OG GREIÐSLA REIKNINGA .....	4
3.5	VAXTAREIKNINGUR VIÐSKIPTASTÖÐU INNAN RSÍ .....	4
3.6	SKIPTING SAMEIGINLEGS REKSTRARKOSTNAÐAR .....	5
3.7	REGLUR UM GREIÐSLU KOSTNAÐAR VEGNA FERÐA FULLTRÚA RSÍ OG VINNUTAP .....	5
3.8	FERÐIR INNANLANDS .....	5
3.9	FERÐIR UTANLANDS .....	5
3.10	ANNAR KOSTNAÐUR VEGNA FERÐALAGA OG VEGNA VINNUTAPS.....	5
3.11	REGLUR UM GREIÐSLU KOSTNAÐAR VEGNA STÓRRA FUNDA .....	6
3.12	REKSTUR HÚSFÉLAGS AÐ STÓRHÖFÐA 31 / HÚS FAGFÉLAGANNA .....	6
<b>4</b>	<b>REGLUR VARDANDI EINSTAKA SJÓÐI</b> .....	<b>7</b>
4.1	SAMBANDSSJÓÐUR .....	7
4.2	SJÚKRASJÓÐUR .....	7
4.2.2	<i>Útleiga sjúkraíbúða</i> .....	7
4.3	ORLOFSSJÓÐUR.....	7
4.3.1	<i>Eignfærsla húsa</i> .....	7
4.3.2	<i>Hlutdeild í sameignum á orlofssvæðum skal eignfæra á sér lið</i> .....	7
4.3.3	<i>Eignfærsla húsbúnaðar</i> .....	7
4.3.4	<i>Rekstrargjöld</i> .....	8
4.3.5	<i>Punktakerfið</i> .....	8
4.4	VINNUDEILUSJÓÐUR .....	8
4.5	MENNINGARSJÓÐUR .....	8

## 1 INNGANGUR

Rafiðnaðarsamband Íslands (RSÍ) eru heildarsamtök fyrir allt launafólk sem starfar í iðn- og tæknistörfum í rafíðnaði, raforkuiðnaði, raftækniíðnaði, miðlun, útgáfu, upplýsingatækni og skapandi greinum og sambandið ákveður að veita viðtöku.

Aðildarfélög RSÍ eru 8 og hafa hvert um sig sjálfstæðar stjórnir og sjálfstæðan fjárhag. Aðildarfélögin sameinast um starfsemi og rekstur RSÍ.

Um fjármál RSÍ er fjallað í 14. kafla laga sambandsins og í reglugerðum sjóða RSÍ.

Sjóðir RSÍ eru fimm:

- Sambandssjóður.
- Sjúkrasjóður.
- Orlofsjóður.
- Vinnudeilusjóður.
- Menningarsjóður.

Þessari handbók er ætlað að fjalla um meðferð fjármála í einstökum atriðum og setja reglur fyrir þá sem um þau fjalla.

## 2 FJÁRMÁLASTJÓRN OG STARFSFÓLK

Eftirfarandi eru upplýsingar um stjórnendur og starfsfólk sem kemur að fjármálum RSÍ með beinum hætti:

### 2.1 GJALDKERI MIÐSTJÓRNAR

Gjaldkeri miðstjórnar er kjörinn á sambandsþingi. Hann hefur yfirumsjón með fjármálum sambandsins og gerð ársreikninga. Einnig samskipti við aðildarfélög.

### 2.2 SKOÐUNARMENN

Á sambandsþingi eru kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga sambandsins og einn til vara. Þeir setja sér sjálfir vinnureglur í samræmi við almenna venju um störf skoðunarmanna.

### 2.3 LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR

Framkvæmdastjórn ræður löggilta endurskoðendur. Á fundi framkvæmdastjórnar þann 6. maí 2002 var samþykkt að ráða Grant Thorton endurskoðun ehf., Theodór S. Sigurbergsson, til að endurskoða reikninga RSÍ og hefur hann verið endurkjörinn síðan.

### 2.4 GJALDKERI

Á skrifstofu RSÍ starfar gjaldkeri, Erla Sigríður Erlingsdóttir.

Til afleysingar er Hrönn Magnúsdóttir jafnframt með prófkúru á sömu reikninga og gjaldkeri. Í upphafi árs 2022 var aukið við samstarf í Húsi Fagfélaganna með aukinni stærðarhagkvæmni. Heimild er að veita sameiginlegum gjaldkera hússins, Pálma Finnbogasyni, prófkúru á reikninga RSÍ til að annast greiðslur í afleysingum sem og fastri umsjón með greiðslu launa starfsfólks sem og sjúkradagpeninga og styrktargreiðslna í hverjum mánuði.

### 2.5 BÓKARI

Hús Fagfélaganna annast bókhald RSÍ og aðildarfélaga. Í bókhaldsdeild starfa Álfhildur Guðmundsdóttir, sem sér almennt um RSÍ og tengd félög, auk Þorsteins Hilmarssonar. Verkaskipting getur breyst í takt við ákvarðanir í rekstri Húss Fagfélaganna.

### 3 ALMENNT UM MEÐFERÐ FJÁRMÁLA

#### 3.1 INNHEIMTA IÐGJALDA

Um innheimtu iðgjalda fyrir RSÍ og aðildarfélög þess er vísað í samning milli RSÍ og Lífiðnar sem gerður var 23. febrúar 2004. Samningurinn var samþykktur á fundi Miðstjórnar þann 20. febrúar 2004.

Viðauki við innheimtusamninginn, þar sem samkomulag var um að lækka innheimtubóknun sem Birta lífeyrissjóður innheimti af iðgjöldum fyrir árin 2021 og 2022, var undirritaður 9.2.2022. Viðaukinn var samþykktur í miðstjórn RSÍ 11.02.2022.

#### 3.2 FÉLAGSGJÖLD

Félagsgjöld eru innheimt samkvæmt samþykkt sem aðildarfélögin gerðu árið 2000:

- Félagsgjald skal vera 1,0% af sama stofni og gjald til lífeyrissjóðs.

Skipting félagsgjalds milli félaga og sjóða RSÍ er þannig (samþykkt Þings RSÍ 2015):

- Félagssjóður aðildarfélags 35%.
- Sambandssjóður 47%.
- Sjúkrasjóður 1%
- Orlofssjóður 16%.
- Menningarsjóður 0%
- Vinnudeilusjóður 1%.

Á sambandsstjórnarfundum RSÍ sem haldinn var dagana 3. og 4. maí 2024 var samþykkt að lækka hlut Vinnudeilusjóðs úr 4% niður í 1% og hækka hlut Sambandssjóðs úr 44% í 47%. Ákvörðun gildi fyrir árið 2024, frá 1.1.2024.

#### 3.3 IÐGJÖLD TIL SJÓÐA RSÍ

Sjóðir RSÍ innheimta iðgjöld samkvæmt kjarasamningum.

#### 3.4 SAMÞYKKT OG GREIÐSLA REIKNINGA

Starfsmenn RSÍ skulu samþykkja og árita reikninga fyrir þá starfsemi sem þeir hafa umsjón með.

Framkvæmdastjóri/formaður samþykkir alla reikninga og áritar þá, þar með talið launalista. Í umboði framkvæmdastjóra/formanns getur annar starfsmaður annast samþykkt reikninga og launalista.

Miðstjórn hefur veitt umboð til áritunar allra reglubundinna reikninga til Björns Ágústar Sigurjónssonar. Í þeim tilfellum þar sem frávík eru frá reglubundnum reikningum óskar starfsmaður skýringar á reikningum hjá viðkomandi starfsmanni sem málinu tengjast og ráðfærir sig við framkvæmdastjóra/formann.

Launagreiðslur til starfsmanna sambandsins skulu vera í samræmi við ákvarðanir launanefndar miðstjórnar. Launanefnd leggur fyrir launaútreikninga sem gilda skulu og áritar þá.

#### 3.5 VAXTAREIKNINGUR VIÐSKIPTASTÖÐU INNAN RSÍ

Vaxtareikningur á viðskiptastöðu milli einstakra sjóða RSÍ og aðildarfélaganna er gerður einu sinni á ári í lok árs. Vextir eru breytilegir og fylgja innlánsvöxtum Landsbanka Íslands á reikningum sem bundnir eru til 24 mánaða að viðbættu 25 punkta álagi. Fundnir eru meðalvextir á milli desembermánaða ár hvert.  $Meðalvextir = \frac{Vextir_0 - Vextir_1}{2} + 0,25\%$

Vextir 1. desember 2019 eru 2,25% og með 25 punkta álagi reiknast vextir 2,50% fyrir árið 2019.

### 3.6 SKIPTING SAMEIGINLEGS REKSTRARKOSTNAÐAR

Sameiginlegur rekstrarkostnaður er færður sér í bókhaldi RSÍ og skipt í árslok. Til sameiginlegs rekstrarkostnaðar heyrir m.a. laun og launatengd gjöld fastráðinna starfsmanna, rekstur tölvukerfa, sími, póstur, heimasíða og bókhaldsleg aðstoð.

Kostnaði er skipt í hlutfalli við nettótekjur af föstum tekjustofnum sem falla til hjá hverjum sjóði RSÍ og félagssjóðum aðildarfélaganna. Þessar tekjur eru margfaldaðar með föstum stuðlum og þannig fundið hlutfall hvers sjóðs í sameiginlegum kostnaði.

Stuðlar eru: 2,0 fyrir Sambandssjóð, 0,7 fyrir Sjúkrasjóð, 0,6 fyrir Orlofssjóð, 0,0 fyrir Vinnudeilusjóð, 0,25 fyrir Menningarsjóð og 1 fyrir félagssjóði aðildarfélaganna.

### 3.7 REGLUR UM GREIÐSLU KOSTNAÐAR VEGNA FERÐA FULLTRÚA RSÍ OG VINNUTAP

Eftirfarandi eru reglur um greiðslu ferðakostnaðar fulltrúa RSÍ vegna ferðalaga þeirra innan- og utanlands. Reglurnar eru að stofni til samhljóða reglum sem giltu frá og með 1. október 1993.

### 3.8 FERÐIR INNANLANDS

- Fargjöld (flugfar eða aðkeyptur akstur) eru greidd samkvæmt framlögðum reikningum.
- Greiðslur fyrir akstur á eigin bifreið reiknast eftir kílómetragjaldi sem ákvarðað er af Ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins og/eða er í samræmi við kjarasamninga RSÍ: (<http://www.fjarmalaraduneyti.is/ferdakostnadur/auglysingar/nr/16849>). Greiðsla fyrir akstur verður þó aldrei hærri en kostnaður við almennt flugfargjald þar sem það á við. Þeir sem fá greitt fyrir akstur halda sjálfir akstursdagbók.
- Gisting er greidd samkvæmt framlögðum reikningum.
- Dagpeningar eru greiddir samkvæmt ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins og í samræmi við kjarasamninga RSÍ: (<http://www.fjarmalaraduneyti.is/ferdakostnadur/auglysingar/nr/18111>).
- Dagpeningar eiga að standa undir fæðis- og öðrum kostnaði.

### 3.9 FERÐIR UTANLANDS

- Fargjöld eru greidd samkvæmt framlögðum reikningum.
- Dagpeningar verða greiddir samkvæmt ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins: (<http://www.fjarmalaraduneyti.is/ferdakostnadur/auglysingar/nr/18716>).
- Þrátt fyrir ákvæði næsta liðar á undan eru greiddir 50% dagpeningar vegna funda og námskeiða erlendis, þar sem móttökuaðili leggur til gistingu og fæði.
- Dagpeningar eiga að standa undir öllum gisti-, fæðis- og öðrum kostnaði.

### 3.10 ANNAR KOSTNAÐUR VEGNA FERÐALAGA OG VEGNA VINNUTAPS

- Vinnutap félagsmanna sem taka þátt í félagslegu starfi og ferðalögum þeirra vegna greiðist samkvæmt framlögðum tímaskýrslum fyrir tapaðar dagvinnustundir. Greiða skal fyrir hverja vinnustund taxta 26 l.fl að viðbættu orlofi (13,04%) (*frá 1. júní 2024, kr. 4.901 + kr. 639 í orlof = 5.540 kr.*)
- Öll laun sem greidd eru af hálfu Rafiðnaðarsambandsins og aðildarféлага eiga að fara í gegnum launabókhald sambandsins. Með öllu er óheimilt að greiða laun með öðrum hætti.
- Rafiðnaðarsambandið greiðir vinnutap og ferðakostnað vegna funda miðstjórnar og samningafunda.

- Vinnutap vegna þátttöku fulltrúa RSÍ á fundum og námskeiðum erlendis er greitt með sama hætti.
- Föstum stafsmönnum og öðrum fulltrúum RSÍ er ekki greidd yfirvinna vegna ferðalaga.

### 3.11 REGLUR UM GREIÐSLU KOSTNAÐAR VEGNA STÓRRA FUNDA

Miðstjórn samþykkti á fundi sínum þann 14. febrúar 2003, eftirfarandi varðandi greiðslu kostnaðar vegna fulltrúa á þing, sambandsstjórnarfundi og trúnaðarmannaráðstefnur:

*“Miðstjórn RSÍ samþykkir að kostnaði vegna ferða og gistingar fyrir fulltrúa utan stór-Reykjavíkur verðir jafnað milli aðildarfélaga sambandsins, með því að deila í með heildarfjölda fulltrúa og margfalda með fulltrúafjölda hvers félags og þannig fundinn kostnaður hvers félags. Þetta á við þing, sambandsstjórnarfundi og trúnaðarmannaráðstefnur.*

*Starfsmönnum RSÍ er falið að leita tilboða og gera samninga um ferða- og gistikostnað. Aðildarfélögin bera ábyrgð á notkun og umgengni fulltrúa síns. Ef einstakir fulltrúar kjósa annað fyrirkomulag er það á þeirra kostnað.”*

### 3.12 REKSTUR HÚSFÉLAGS AÐ STÓRHÖFÐA 31 / HÚS FAGFÉLAGANNA

Samstarf og greiðsla kostnaðar vegna sameiginlegrar starfsemi í húsinu að Stórhöfða 29-31 fer eftir samningi á milli hlutaðeigandi aðila (RSÍ, MATVÍS, VM, Byggið, FIT og Samið), sem gerður var 30. nóvember 2021. Samningurinn var samþykktur á fundi Miðstjórnar þann 3. desember 2021.

Þegar fjallað er um sameiginlegan rekstrarkostnað, launakostnað skrifstofu og svo framvegis þá er um að ræða heildarrekstrarkostnað við skrifstofu RSÍ sem og hlut sem RSÍ greiðir í sameiginlegum rekstri í Húsi Fagfélaganna.

## 4 REGLUR VARÐANDI EINSTAKA SJÓÐI

### 4.1 SAMBANDSSJÓÐUR

Sambandssjóður er miðja bókhalds sjóðakerfis RSÍ. Í Sambandssjóði eru viðskiptareikningar fyrir aðildarfélög sambandsins, Birtu lífeyrissjóð og aðra aðila sem eru í viðskiptum við sambandið.

### 4.2 SJÚKRASJÓÐUR

Um Sjúkrasjóð er vísað í reglugerð sjóðsins.

Fyrir úthlutun styrkja hafa verið settar eftirfarandi starfsreglur, sem upphaflega voru samþykktar í miðstjórn þann 8. maí 2005 og síðast uppfærðar á þingi RSÍ 4. – 6. maí 2023:

Starfsreglur Sjúkrasjóðs sem og reglugerð skal vera aðgengileg félagsmönnum sem og öðrum á vef RSÍ, [www.rafis.is](http://www.rafis.is). Félagmenn skulu senda inn umsóknir eftir þeim leiðum sem í boði eru á hverjum tíma, t.d. með rafrænum umsóknum í gegnum „mínar síður“.

#### 4.2.1.1 Styrkir einstakra aðildarfélaga RSÍ

- Styrkir vegna námskeiða eða annarra atriða eru greiddir í samræmi við reglur sem hvert aðildarfélag setur. Styrkina greiðir sambandið út, en færir í viðskiptareikning viðkomandi félags.

#### 4.2.2 ÚTLEIGA SJÚKRAÍBÚÐA

Heimilt er að leigja félagsmönnum án endurgjalds svokallaðar sjúkraíbúðir, án endurgjalds, á Höfuðborgarsvæðinu sem og á Akureyri gegn því að félagsmaður staðfesti t.d. með læknisvottorði að viðkomandi aðili, sambúðaraðili og/eða barn á forræði viðkomandi félagsmanns, þurfi að sækja lækniþjónustu til viðkomandi þéttbýliskjarna í tiltekinn tíma. Þetta afmarkast við það að íbúð sé laus á umræddum tíma og veitir ekki rétt til annars úrræðis sem ekki er á forræði RSÍ. Ákvæði þetta nær ekki til þeirra aðila sem hafa lögheimili eða búsetu á umræddum svæðum enda hugsað til þess að jafna aðstöðumun fólks sem býr á landsbyggðinni.

## 4.3 ORLOFSSJÓÐUR

Um Orlofssjóð er vísað í reglugerð sjóðsins.

Eftirfarandi eru viðmiðunarreglur fyrir færslu eigna og gjalda Orlofssjóðs. Reglurnar eru að stofni til samhljóða reglum sem settar voru 24. júní 1993.

### 4.3.1 EIGNFÆRSLA HÚSA

Á þennan lið eignfærast hús og aðrir fastir hlutir s.s. innréttingar, geymslur, pallar, heitir pottar og búnaður þeirra, stéttar og útilýsing. Allar meiriháttar endurbætur á húsum og öðrum búnaði sem áður er talinn færast á þennan lið.

### 4.3.2 HLUTDEILD Í SAMEIGNUM Á ORLOFSSVÆÐUM SKAL EIGNFÆRA Á SÉR LIÐ.

Hvert orlofssvæði hefur sameiginlegan húseignalið.

Afskriftir af húsum eru 5% á ári.

### 4.3.3 EIGNFÆRSLA HÚSBÚNAÐAR

Á þennan lið eignfærast lausir hlutir s.s. húsgögn (borð, stólar, sófasett, dýnur o.þ.h.), kæliskápar, örbylgjuofnar, sjónvarpstæki, útvarpstæki, útigrill og gróður (tré, runnar, grasflatir o.þ.h.).

Hvert orlofssvæði hefur sameiginlegan húsbúnaðarlið.

Afskriftir af húsbúnaði eru 30% á ári.



#### 4.3.4 REKSTRARGJÖLD

Á þennan lið færist laus búnaður s.s. mataráhöld, hreinlætisvörur, orkukostnaður, rúmföt, bækur, fasteignagjöld, lóðarleiga, málning, fúavörn og annað reglubundið viðhald.

Hvert orlofssvæði hefur sameiginlegan rekstrarlið.

Hvert orlofssvæði hefur sameiginlegan rekstrarlið.

#### 4.3.5 PUNKTAKERFIÐ

Fyrir punktakerfi orlofshúsa hafa verið settar eftirfarandi reglur, sem samþykktar voru í Miðstjórn þann 23. mars 2018:

##### 4.3.5.1 Áunnir punktar

Félagsmenn vinna sér inn punkta í orlofskerfi rafiðnaðarmanna með eftirfarandi hætti:

- Félagsmaður vinnur sér inn 1 punkt fyrir hvern mánuð sem hann greiðir til RSÍ, eða 12 punkta á ári.
- Nýr félagsmaður sem hefur greiðslu til RSÍ fær 36 punkta í fyrsta skipti sem félagsmaður nær samfelldri 6 mánaða greiðslu iðgjalda í sjóðinn. Félagsmaður fær þessa punkta greiðslu eingöngu einu sinni.

##### 4.3.5.2 Frádráttur punkta

Þegar félagsmaður leigir orlofseign af orlofskerfi rafiðnaðarmanna, eru punktar dregnir af inneign hans eins og hér segir:

Fyrir orlofshús:

- Vika 1, 12 punktar.
- Vikur 2 og 13, 18 punktar.
- Vikur 3 og 12, 24 punktar.
- Vikur 4 og 11, 30 punktar.
- Vikur 5, 6, 7, 8, 9 og 10, 36 punktar.

Fyrir leigu á orlofseign í vetrarleigu eru 2 punktar dregnir af inneign félagsmanns fyrir helgarleigu, nema á páskum þegar dregnir eru af 12 punktar. Vegna leigu á íbúðum í Reykjavík og sjúkraíbúðum eru ekki teknir punktar.

#### 4.4 VINNUDEILUSJÓÐUR

Um Vinnudeilusjóð er vísað í reglugerð sjóðsins.

Afskriftir húsa í eigu Vinnudeilusjóðs er 4%.

Afskriftir húsbúnaðar í eigu Vinnudeilusjóðs er 30%.

#### 4.5 MENNINGARSJÓÐUR

Um Menningarsjóð er vísað í reglugerð sjóðsins.

Menningarsjóður á húseign RSÍ að Stórhöfða 31 og eignir fyrir félagsstarfsemi á Akureyri og á Selfossi og leigir til annarra sjóða sambandsins á markaðsleigu. Einnig á Menningarsjóður hús- og skrifstofubúnað á skrifstofum sambandsins og leigir þann búnað með sama hætti og húseignir.

Afskriftir húsa í eigu Menningarsjóðs er 2-4%.

Afskriftir húsbúnaðar í eigu Menningarsjóðs er 30%.

Síðasta breyting:

**Samþykkt í miðstjórn 31. maí 2024:** Uppfærsla á skiptingu félagsgjalds í samræmi við ákvörðun sambandsstjórnarfundar 2024. Leiðrétting á heiti sjúkrasjóðs. Uppfærður launaflokkur vegna vinnutaps.

11. mars 2022: Heildstæð endurskoðun á texta ýmissa greina (svo sem: 1. Inngangur, gr. 2.2, 2.4, 2.5, 3.1, 3.4, 3.12, 4.2, nýr liður 4.2.2), númerun allra liða er uppfærð úr 0-3 í 1-4.

29. nóvember 2019: Samþykkt í miðstjórn að breyta vöxtum í handbók fjármála, sjá gr. 2.5.